

## AUGLÝSING

### um stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar hafa stöðumælar verið settir upp á eftirtöldum stöðum í Reykjavík:

1. Austurstræti, Hafnarstræti, Bankastræti, Laugavegi frá Klapparstíg að Snorrabraut, Hverfisgötu að Klapparstíg.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 2.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

2. Garðastræti frá Ránargötu að Vesturgötu, Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Kalkofnsvegi og frá Grófinni að Ægisgötu, Naustunum, Pósthússtræti frá Kirkjustræti að Vallarstræti, Lækjargötu, Þingholtsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg, Ingólfsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg og frá Hverfisgötu að Sölvhólsgötu, Lindargötu frá Ingólfsstræti að Skuggasundi, Smiðjustíg frá Óðinsgötu að Týsgötu, Vatnastíg frá Hverfisgötu að Laugavegi, Vitastíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Barónsstíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Hverfisgötu frá húsi nr. 70 að húsi nr. 92, Bergstaðastræti frá Laugavegi að Skólavörðustíg, Klapparstíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 1.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

3. Á Kirkjutorgi, á lóðinni á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, á bifreiðastæðum austan Lækjargötu. Gjald á þessum stöðum er kr. 1.00 fyrir hverjar 30 mínútur.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum. Hámarksstöðutími á götum er 30 mínútur. Gjaldskylda er á sama tíma og verzlunum er almennt leyft að hafa opið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. febrúar 1966.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 29.

## REIKNINGUR

### Bjargráðasjóðs Íslands 1965.

#### Rekstrarreikningur.

#### Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga .....	kr. 1 901 150.00
2. Vaxtatekjur .....	— 1 478 627.73
3. Húsaleigutekjur .....	— 90 660.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld .....	— 7 462.50
5. Tekjuhalli .....	— 1 585 857.05

Kr. 5 063 757.28